

RÍKISENDURSKOÐUN

Hugverkastofan

Endurskoðun 2021



Endurskoðunarskýrsla

Desember 2022

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Hugverkastofunnar fyrir árið 2021.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákvala og annarra laga, lögsmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.




Ársreikningur Hugverkastofunnar/Einkaleyfastofu var síðast endurskoðaður 2016 vegna ársins 2015.

Efnisyfirlit


Inngangur.....	2
Efnisyfirlit.....	3
1 Lykiltölur úr rekstri.....	5
2 Ábendingar og athugasemdir.....	6
3 Áhættumat og mikilvægi	7
4 Fjárveiting og rekstur.....	8
5 Innra eftirlit.....	9
5.1 Inngangur.....	9
5.2 Umfjöllun.....	9
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	9
6 Fylgni við lög og reglur	10
6.1 Inngangur.....	10
6.2 Umfjöllun.....	10
6.2.1 Ferðakostnaður.....	10
6.2.2 Fundakostnaður	10
6.2.3 Starfsmannakostnaður.....	10
6.2.4 Risna	10
6.2.5 Opinber innkaup.....	10
6.2.6 Innkaupakort	10
6.2.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	10
6.3 Niðurstöður	10
7 Endurskoðun rekstrarliða	11
7.1 Rekstrartekjur.....	11
7.2 Rekstrarkostnaður	11
7.2.1 Launakostnaður.....	11
7.2.2 Önnur rekstrargjöld	11
7.3 Niðurstöður	11

8	Endurskoðun efnahagsliða	12
8.1	Efnahagsreikningur.....	12
8.2	Eignir	12
8.2.1	Fastafjármunir	12
8.2.2	Veltufjármunir	12
8.3	Eigið fé og skuldir.....	13
8.3.1	Eigið fé	13
8.3.2	Skuldir	13
8.4	Niðurstöður/ábendingar.....	13
9	Önnur atriði	14
9.1	Ársreikningur og staðfestingarbréf	14
9.2	Óhæðisyfirlýsing	14

Lykiltölur úr rekstri



Eigið fé í lok árs í m.kr.



* Þar af nam bundið eigið fé 215,9 m.kr. Bundið eigið fé hefur staðið óhreyft frá 1.1.2017.

Ábendingar og athugasemdir

Endurskoðun Hugverkastofunnar fyrir árið 2021 er lokið án athugasemda. Vísað er í einstaka kafla skýrslunnar varðandi ábendingar sem fram komu við endurskoðunina.

Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af eftirlitsumhverfi Hugverkastofunnar eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Hugverkastofunnar sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 10,6 milljónir króna. Með mikilvægismörkum er átt við hámark þeirrar fjármunalegu skekkju sem ekki er talin hafa áhrif á upplýstan lesenda reikningsskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta, komið á framfæri við stjórnendur

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemdir og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

Fjárveiting og rekstur

4.1 Fjárveitingar

4.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting til Hugverkastofunnar vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2021 nam 571,5 m.kr. sem greidd er af rekstrartekjum. Viðbótarfjárheimild vegna tekjufærslu frestaðra tekna vegna afskrifta nam 4,6 m.kr.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2021

Í þús. kr.	Fjárveiting 2021	Rekstur 2021	Frávik 2021	Rekstur 2020
Rekstrartekjur	-576.081	-527.954	-48.127	-516.860
Launagjöld	439.500	411.453	28.047	398.107
Önnur rekstrargjöld	131.500	111.401	20.099	111.764
Afskriftir	4.581	4.581	0	4.621
Tilfærslur	500	507	-7	500
Samtals	0	-12	12	-1.867

Afkoma ársins hjá Hugverkastofunni var jákvæð um 12 þús. kr. á árinu 2021. Tekjur voru nokkuð lægri en áætlun gerði ráð fyrir og sömuleiðis laun og önnur rekstrargjöld sem einnig voru nokkuð lægri en ráð var fyrir gert. Rekstur ársins 2021, bæði tekjur og gjöld, hækka aðeins frá fyrra ári. Eigið fé í árslok nam 235 en þar af nam bundið eigið fé 215,9 m.kr.

4.1.2 Fjárveiting – heimild til fjárfestingar

Ekki var veitt framlag til fjárfestingar til Hugverkastofunnar á árinu 2021. Staða fjárfestingarframlags var neikvæð um, 4,4 m.kr. í upphafi árs en að teknu tilliti til eignkaupa ársins að fjárhæð 3,4 m.kr. var staða fjárfestingarframlags í árslok 2021 neikvæð um 7,8 m.kr.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Gerð var rekstraráætlun fyrir árið 2021 og var hún færð inn í Orra.

4.3 Niðurstaða

Eftirfarandi niðurstöður komu fram varðandi fjárveitingar og rekstur Hugverkastofunnar:

Afkoma ársins var jákvæð um 4,6 m.kr. á árinu 2021 og nam uppsafnaður höfuðstóll 19,1 m.kr. í árslok 2021 en að auki nam bundið eigið fé 215,9 m.kr. í árslok 2021. Staða fjárfestingarframlags var neikvæð um 7,8 m.kr. í árslok 2021. Rekstraráætlun er færð í Orra og reglulega fylgst með því innan ársins að rekstur sé í samræmi við hana.

Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti Hugverkastofnunar voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Stofnunin er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins og er jafnframt með tvo bankareikninga og er sjóðsbók skilað mánaðarlega til Fjársýslunnar.

Launavinnsla er unnin hjá stofnuninni og fer fagstjóri rekstrarsviðs yfir launaafgreiðslu mánaðar. Forstjóri samþykkir launakeyrslur. Viðvera starfsmanna er skráð í Vinnustund. Forstjóri samþykkir ráðningarsamninga og launabreytingar. Haldið er utan um launa- og starfsmannagögn í skjalavistunarkerfi. Stofnunin hefur hlotið jafnlaunavottun. Verklagsreglur eru fyrir hlunnindi og viðbótargreiðslur en ekki er til staðar skráður ferill launavinnslu og bendir Ríkisendurskoðun á að æskilegt er að skjalfesta launavinnsluferil stofnunar.

Tekjur vegna einkaleyfa vörumerkja og hönnunar eru innheimtar í TBR, reikningur er útbúinn af starfsmanni Hugverkastofnu í TBR og innheimta fer fram hjá Fjársýslu ríkisins. Einnig berast greiðslur frá Alþjóðahugverkastofnunni (Organisation mondiale de la propriété intellectuelle) vegna vörumerkjaskráningar og endurnýjunar þeirra héraðs.

Greiðslur vegna notkunar erlendra einkaleyfa hér á landi eru greiddar til Evrópsku einkaleyfastofnunar (European Patent Convention).

Skipurit er til fyrir stofnunina og skráðar verklagsreglur um fjármál, rekstur og gerð reikninga. Reikningar vegna rekstrargjalda eru samþykktir rafrænt af forstjóra og fagstjóra rekstrarsviðs. Reglulega er farið yfir rekstraráætlanir og rauntölur og brugðist við eftir atvikum. Afstemmingar eru gerðar reglulega. Við endurskoðun voru aðgangsheimildir starfsmanna embættisins í Orra og banka skoðaðar án athugasemda.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Fjölmarginir þættir eru til staðar hjá Hugverkastofnunni sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál stofnunarinnar og er endurskoðun innra eftirlits án athugasemda en bent er á að æskilegt að skrasetja launavinnsluferil stofnunar.

Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4. Eftirfarandi þætti voru skoðaðir sérstaklega.

6.2 Umfjöllun

6.2.1 Ferðakostnaður

Ferðakostnaður síðastliðinn tvö ár er talsvert lægri en árin þar á undan sem kemur til vegna takmarkana sem fylgdu Covid-19. Við skoðun hjá stofnuninni var ekki annað að sjá en reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt.

6.2.2 Fundakostnaður

Kostnaður vegna funda og ráðstefna var skoðaður án athugasemda.

6.2.3 Starfsmannakostnaður

Kostnaður tengdur starfsmönnum og endurmenntun var skoðaður án athugasemda.

6.2.4 Risna

Risnureikningar voru skoðaðir án athugasemda.

6.2.5 Opinber innkaup

Stofnunin fylgir innkaupastefnu ríkisins og nýtir sér þjónustu Ríkiskaupa þar sem það á við.

6.2.6 Innkaupakort

Stofnunin er með 10 virk innkaupakort hjá Íslandsbanka og 34 óvirk. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda eru innkaupakort helst notuð vegna ferðalaga. Ríkisendurskoðun leggur til að skoðað verði skoði hvort að fækka megi innkaupakortum.

6.2.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera virðisaukaskatt eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts færirst til eignar á viðskiptareikningi stofnunar við ríkissjóð

6.3 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Hugverkastofan fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Stofnuninni er þó bent á að fara þarf yfir hvort fækka megi innkaupakortum í notkun og loka óvirkum kortum.

Fara þarf yfir hvort fækka megi innkaupakortum hjá stofnuninni.

Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Rekstrartekjur

Rekstrartekjur Hugverkastofunnar árið 2021 námu 528,0 m.kr. samanborið við 516,5 m.kr. árið áður sem er aukning um 11,5 m.kr. milli ára.

Tekjur vegna einkaleyfa, vörumerkja og hönnunarverndar námu 510,7 m.kr. á árinu 2021 að meðtöldum greiðslum frá Alþjóðahugverkastofunni og að frátöldum greiðslum sem innheimtar eru hér á landi og greiddar til Evrópsku einkaleyfastofunnar.

Framlög og ýmsar tekjur námu 12,6 m.kr. á árinu 2021 og samanstanda af rekstrarframlögum frá erlendum opinberum aðilum 8,2 m.kr., kostnaðarhlutdeild vegna sameiginlegrar þjónustu 3,2 m.kr. og framlag úr Atvinnuleysistryggingasjóði 1,2 m.kr. Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 4,6 m.kr. fyrir árið 2021.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og skoðun fylgiskjala. Endurskoðun rekstrartekna er án athugasemda.

7.2 Rekstrarkostnaður

Rekstrargjöld stofnunarinnar námu 527,9 m.kr. á árinu 2021 samanborið við 514,9 m.kr. árið áður sem er aukning um 13 m.kr. á milli ára.

7.2.1 Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld nám 403,7 m.kr. á árinu 2021 en voru 391,6 m.kr. árið áður sem er aukning um 12,1 m.kr. Ársverk hjá stofnuninni fyrir árið 2021 voru 32,8 en voru 33,3 árið 2020. Að teknu tilliti til fækkunar ársverka nam hækkun launakostnaðar 4,6% milli ára.

Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum, fyrirspurnum og skoðunar á ráðningarsamningum og öðrum gögnum til staðfestingar á útborguðum launum og er án athugasemda.

7.2.2 Önnur rekstrargjöld

Annar rekstrarkostnaður nam 124,3 m.kr. árið 2021 en var 123,0 árið áður sem er hækkun um 1,3 m.kr. milli ára. Helstu kostnaðarliðir voru ferða- og fundakostnaður sem nam 14,4 m.kr. samanborið við 9,1 m.kr. árið áður eða aukning um 5,3 m.kr. Rekstrarvörur námu 10,7 m.kr. en voru 9,7 m.kr. árið áður. Aðkeypt þjónusta nam 80,8 m.kr. en var 85,2 m.kr. árið áður og lækkaði um 4,4 m.kr. Húsnæðiskostnaður nam 13,2 m.kr. en var 13,6 m.kr. árið áður. Afskriftir námu 4,6 m.kr. á árinu.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og er án athugasemda.

7.3 Niðurstöður

Endurskoðun rekstrarliða Hugverkastofunnar er án athugasemda.

Endurskoðun efnahagsliða

8.1 Efnahagsreikningur

Í árslok 2021 námu eignir 429,2 m.kr., skuldir námu 194,2 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 19,4 m.kr. og bundið eigið fé nam 215,9 m.kr.

8.2 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

Fasteign að Engjateig 3, Reykjavík, er skráð eign ríkissjóðs en Hugverkastofan er skráður umráðandi ásamt ríkissjóði samkvæmt fasteignaskrá. Ekki er greidd húsaleiga en annar kostnaður tengdur fasteign eins og fasteignagjöld er greiddur af Hugverkastofunni. Upplýsingar um fasteignina koma ekki fram í skýringum.

8.2.1 Fastafjármunir

Fastafjármunir námu 10,5 m.kr. í árslok 2021 en voru 11,6 m.kr. í árslok 2020. Fastafjármunir samanstanda að mestu að skrifstofubúnaði, tölvum, tækjum og áhöldum. Staða fastafjármuna er í samræmi við stöðu í eignarskrákerfi Orra (FA) í árslok 2021.

8.2.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir í árslok 2021 námu 418,8 m.kr. samanborið við 413,8 m.kr. í árslok 2020 eða aukning um 5,0 m.kr. Veltufjármunir samanstanda af kröfum vegna tengdra aðila 365,9 m.kr., viðskiptakröfum 2,5 m.kr. og handbæru fé 50,4 m.kr.

Kröfur vegna tengdra aðila í árslok 2021 skiptast þannig að 342,2 m.kr. eru vegna inneignar hjá ríkissjóði og 23,7 m.kr. vegna áfallinnar orlofsskuldbindingar. Orlofsskuldbinding var fyrst færð árið 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Viðskiptakröfur námu 2,5 m.kr. en um er að ræða eftirstöðvar rekstrartekna sem innheimtar eru í gegnum TBR. Við endurskoðun viðskiptakrafna voru mótteknar greiðslur í ársbyrjun 2022 yfirfarnar án athugasemda. Handbært fé nam 50,4 m.kr. í árslok 2021 en var 24,2 m.kr. í árslok 2020. Handbært fé samanstendur af sjóði og innistæðum á tveimur bankareikningum hjá Landsbankanum. Sjóður nam kr. 26.900 og eru sjóðstalning fyrirbyggjandi í árslok 2021. Ríkisendurskoðun bendir á að skoðað verði hvort nauðsynlegt sé að halda sérstakan sjóð í stofnuninni

Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnanna um staðfest yfirlit um viðskipti við Hugverkastofuna og bærust svör við því. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit hjá bankastofnununum í árslok 2021.

8.3 Eigið fé og skuldir

8.3.1 Eigið fé

Höfuðstóll Hugverkastofunnar í árslok 2021 nam 235,0 m.kr. Breyting á höfuðstól frá fyrra ári nam 12 þús. kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2021. Hluti af höfuðstól Hugverkastofu er bundið eigið fé sem nam 215,9 m.kr. í árslok 2021 sem er óbreytt staða frá 01.01 2017. Ekki liggur fyrir hvernig skuli farið með bundið eigið fé í bókhaldi stofnunarinnar.

Gerð er athugasemd við að í framsetningu ársreiknings Hugverkastofunnar er eigið fé í efnahagsreikningi Hugverkastofunnar ekki í samræmi við skýringar með ársreikningi og er af því tilefni stofnuninni bent á að gæta þess að framsetning í ársreikningi stofnunarinnar sé rétt og í samræmi við bókhald.

8.3.2 Skuldir

Skuldir námu 194,2 m.kr. í árslok 2021 samanborið við 190,4 m.kr. í árslok 2020 eða hækkun um 3,8 m.kr. á milli ára.

Skuldir í árslok samanstanda af stöðu við tengda aðila 2,1 m.kr., viðskiptaskuldir 18,1 m.kr., ýmsar skammtímaskuldir 171,4 m.kr. og frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda 2,7 m.kr.

Skuld við tengda aðila 2,1 m.kr. skiptist þannig að 1,9 m.kr. er skuld við fjármála- og efnahagsráðuneyti og 0,2 m.kr. eru skuld við Ríkiseignir. Viðskiptaskuldir 18,1 m.kr. voru yfirfarnar án athugasemda, engin munur var á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL í árslok 2021. Ýmsar skammtímaskuldir 171,4 m.kr. samanstanda af stöðu vegna óunninnar vinnu vegna einkaleyfa 124,2 m.kr. og 47,2 m.kr eru vegna orlofsskuldbindinga.

8.4 Niðurstöður/ábendingar

Eftirfarandi athugasemdir og ábendingar eru gerðar vegna efnahagsliða hjá embættinu:

Fasteign að Engjateig 3, Reykjavík er skráð eign ríkissjóðs en Hugverkastofan er skráður umráðandi ásamt ríkissjóði samkvæmt fasteignaskrá. Upplýsingar um fasteignina ættu að koma fram í skýringum með ársreikningi Hugverkastofunnar.

Gerð er athugasemd við að í framsetningu ársreiknings Hugverkastofunnar er eigið fé í efnahagsreikningi Hugverkastofunnar ekki í samræmi við skýringar með ársreikningi. Er stofnuninni af því tilefni bent á að gæta þess að framsetning í ársreikningi stofnunarinnar sé rétt og í samræmi við bókhald.

Skoða þarf hvort nauðsynlegt sé að halda sérstakan sjóð í stofnuninni.

Önnur atriði

9.1 Ársreikningur og staðfestingarbréf

Forstjóri Hugverkastofunnar undirritaði ársreikning embættisins 6. maí 2022. Jafnframt var staðfestingarbréf stjórnenda vegna ársreiknings undirritað sama dag.

9.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Hugverkastofu.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448-8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is